

## 35. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

## 36. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð taka gildi 18. mars 2004.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Fjarðabyggðar 24. febrúar 2004 og í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. mars 2004.

*Fjarðabyggð, 26. ágúst 2004.*

F.h. Fjarðabyggðar,

**Jón Björn Hákonarson**, upplýsinga- og kynningafulltrúi.

**AUGLÝSING****um breytt deiliskipulag á Nýbýlavegi, Hvolsvelli.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 19. júní 2004, breytingu á deiliskipulagi húsanna 16-26 við Nýbýlaveg á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Breytingin felst í því að byggingareitir fyrir bílskúra á lóðum 16, 18, 20, 22 og 26 eru færðir inn á lóðir. Byggingareitur bílskúrs fyrir lóð 24 er stækkaður. Einnig er sett inn lóð 16b fyrir spennistöð.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 24. ágúst 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson** byggingarfulltrúi.